

- STRANDELDI -


LÍFFRÉDILEGAR FORSENDUR OG ARÐSEMI LAXELDIS.

VALDIMAR GUNNARSSON

Eintak bókasafns.

VMST-R

/87017



VEIDIMÁLASTOFNUN

Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf.

VMST-R/87017

INNIBALD INNIBALD

blaðsíða

1. Innlangur.....	2
2. Stofnkostnaður.....	3
3. Framleiðslukostnaður í strandeldi og sjókvældi.....	4
3.1 Framleiðslukostnaður í sjókvældi.....	4
3.2 Framleiðslukostnaður í strandeldi (A).....	5
3.3 Samanburður á framleiðslukostnaði í sjókvældi og strandeldi.....	6
4. Framleiðslustjórnun í strandeldi.....	8
4.1 Umhverfisbættir og líffræðilegar forsendur.....	8
4.2 Líffræðilegar forsendur fyrir framleiðslu- stjórnun.....	8
4.3 Framleiðslustjórnun - framleiðslukostnaður.....	9
4.3.1 Framleiðslukostnaður - strandeldi (B)....	10
4.3.2 Framleiðslukostnaður - strandeldi (C)....	11
5. Slátrúnarkostnaður og kostnaður við markaðssetningu.	12
5.1 Slátrunar- og umbúðarkostnaður.....	12
5.2 Flutnings- og sölukostnaður.....	13
6. Umræður.....	13
6.1 Fóðurkostnaður.....	13
6.2 Gönquseiðakostnaður - sláturstærð.....	14
6.3 Orkukostnaður.....	15
6.3.1 Dælingarkostnaður.....	15
6.3.2 Upphitun á eldisvökva.....	19
6.4 Fastakostnaður.....	20
6.5 Samkeppnismöguleikar.....	20
7. Tilvitnanir.....	22

URDRATTUR.

Kostnaður við fiskeldi í íslensku strandeldi er mun hærri en framleiðslukostnaður í norsku sjókvældi. Kemur það til af miðg háum rafmagnskostnaði, sem ekki er til staðar í sjókvældi, og mun hærri fjárfestingarkostnaði. Til að gera íslenskt strandeldi samkeppnishæfara barf að lækka rafmagnsverð til muna. Einnig er nauðsynlegt að súrefnispæta eldisvökva til að minnka dælingarkostnaðinn.

I strandeldi barf að hafa miðg góða framleiðslustjórnun til að geta nýtt alla þá kosti sem strandeldi hefur fram vfir sjókvældi. Með góðri framleiðslustjórnun og ódvru rafmagni og heitu vatni ætti strandeldi að hafa möguleika á að framleiða lax á svipuðu verði og norskt sjókvældi.

1.0 INNGANGUR.

I strandeldisstöðvum er öll aðstaða byggð á landi, og fer laxeldið fram í Kerjum, þar sem sjó eða sjóblöndu er dælt á fiskinn (Arni Helgasson 1987).

Saga strandeldis á Íslandi er stutt. Arið 1978 tók til starfa strandeldisstöð að Húsatóftum við Grindavík til að ala upp lax til matar (Rannsóknaráð Ríkisins 1986).

Upp úr 1970 var hafið strandeldi í Skotlandi. Skotar hafa lengsta reynslu af strandeldi á Atlantshafslaxi og hafa bvi mestu bekkingu að miðla örðrum. Framleiðsluaðferðir hafa verið bróðrar í áraraðir og raunhæfar framleiðsluforsendur liqqja fyrir.

Við uppbyggingu á strandeldi á Íslandi hefur bvi miður ekki nema að takmörkuðu leyti verið leitað beirra bekkingar sem Skotar hafa aflað sér. Þessvegna hafa sömu mistök átt sér stað við uppbyggingu á strandeldi á Íslandi og Skotar gerðu fyrir 5 - 10 árum síðan, m. a. við útreikning á vatnsbörf fisksins.

I grein bessari eru teknar fyrir framleiðsluforsendur, framleiðslustjórnun, framleiðslukostnaður í strandeldi á Íslandi og samkeppnismöguleikar við sjókvældi. Því dæmi verða tekin af mögulegum framleiðslukostnaði í strandeldi miðað við mismunandi forsendur.

Strandeldi (A) notar sömu forsendur og sjókvíaeldi bar sem því er hægt að koma við.

Strandeldi (B). Þar eru bjartsýnni forsendur notaðar, forsendur sem gætu verið raunhæfar fyrir vel hannað og rekið fyrirtæki.

Strandeldi (C). Þar eru bjartsýnni forsendur notaðar, og einnig ávinnungur af notkun á heitu vatni.

I umræðum eru tekið fyrir möguleikar á að lækka hvern einstakan kostnaðarlið til að gera strandeldi samkeppnishæfara gagnvart sjókvíaeldi innanlands og erlendis. Stuðst er við miða einfalda og að hluta til ónákvæma útreikninga til að gera efnið aðgengilegt fyrir sem flesta.

2.0 STOFNKOSTNADUR.

a. Sjókvíaeldi

Flotkvíar - pólarcirkel

Hringur með nót (700 m ³), 11 st x 300.000 kr/st..	3.300.000 kr
Festingar.....	800.000 kr
Bátur.....	4.000.000 kr
Hús.....	2.000.000 kr
<u>Annað.....</u>	<u>2.500.000 kr</u>
Samtals	12.600.000 kr

Verð á flotkvíum miðast við að bær séu smiðaðar innanlands. Hringirnir eru tveir og sérstaklega styrktir fyrir íslenskar aðstæður.

$$\text{Kostnaður á rúmmetra} = \frac{12.600.000 \text{ kr}}{7.700 \text{ m}^3} = 1.636 \text{ kr/m}^3.$$

b. Strandeldi

Hver rúmmetri í íslenskum strandeldissstöðvum er mun dýrari en í sjókvíaeldi. Hér er sýnt vfirlit yfir áætlaðan stofnkostnað í kr á rúmmetra hjá 5 strandeldissstöðvum.

	A	B	C	D	E
Kostnaðarliður					
Sjó- og vatnsinntak, jöfnunartankur, lagnir.	2.480	1.200	1.690	1.980	1.480
Rafmaðnskerfi, rafstöð	0.620	-	-	-	-
Jarðvinna, végir frágangur	0.400	-	-	-	-
Ker	2.050	3.370	1.800 (3.730)	3.080	
Bvæggingar, fóðurkerfi	0.560	-	0.790	0.890	-
Hönnun	-	0.440	-	0.760	-
Samtals	6.110	5.800	6.500	7.617	7.400

Stofnkostnaður á rúmmetra í íslenskum strandeldissstöðvum er vfirleitt hærri en gert er ráð fyrir í stofnkostnaðaráætlunum. Ær bvi ekki óraunhæft að reikna með að hver rúmetri kosti 6.000 til 8.000 kr.

3.0 FRAMLEIÐSLUKOSTNADUR I SJÖKVIAELDI OG STRANDELDI.

Við útreikninga á framleiðslukostnaði er gert ráð fyrir eðlilegu rekstrarári. Í útreikningum er ekki tekið tillit til atriða eins og áfalla og að það tekur nokkur ár frá stofnun laxeldisfyrirtækis að ná eðlilegu framleiðslumagni.

3.1 FRAMLEIÐSLUKOSTNADUR I SJÖKVIAELDI.

a. Fóðurkostnaður.

Verð á burrfóðri 38 kr/kg. og fóðurstuðull (kg fóður / kg fiskur) er áætlaður 1.6.

$$\text{Fóðurkostnaður} = 38 \times 1.6 = 60.8 \text{ kr/kg.}$$

b. Gönkuseiðakostnaður.

Gönkuseiðaverð er áætlað 55 kr og 20% af öll á seiðum. Meðalþyngd sláturnsfisks er sett 2.5 kg.

$$\text{Gönkuseiðakostnaður} = 55 \times 1.2 / 2.5 = 26.4 \text{ kr/kg.}$$

c. Launakostnaður.

Gert er ráð fyrir að hvert ársverk skili 45 tonna framleiðslu. Laun með launatengdum gjöldum eru áætluð 900.000 kr.

$$\text{Launakostnaður} = 900.000 / 45.000 = 20 \text{ kr/kg}$$

c. Tryggingar (fisks).

Meðalvátryggingaverðmæti fisksins er áætlað 130 kr/kg og tryggingaprósenta 7%, framleiðslutími 1.5 ár.
 $\text{Tryggingakostnaður} = 130 \times 1.5 \times 7/100 = 13.7 \text{ kr/kg}$

e. Vextir af rekstrarlánum.

Aætlað á hvert kg framleitt þurfi að meðaltali rekstrarlán uppt á 90 kr/kg, með 8% vöxtum, framleiðslutími 1.5 ár.
 $\text{Vaxtakosnaður} = 90 \times 1.5 \times 8/100 = 10.8 \text{ kr/kg.}$

f. Annar kostnaður.

Stjórnunarkostnaður, viðhald, tryggingar á fiárfestingu, opinber gjöld og annað. Í norsku sjókvældi er bessi kostnaður um 15 kr/kg sem við notum í bessum útreikningum.

g. Afskriftir og vextir.

I sjókvældi kostar hver rúmmetri 1.636 kr og afskrifast á 7 árum. Vextir af lánum eru 8% og framleiðsla á rúmmetra er áætluð 17 kg.

$$\text{Afskriftir} = 1.636/17/7 = 13.5 \text{ kr/kg.}$$

$$\text{Vextir} = 1.636/17 \times 8/100 = 7.7 \text{ kr/kg.}$$

3.2 FRAMLEIDSLUKOSTNAÐUR I STRANDELDI (A).a. Fóðurkostnaður.

Verð á burrfóðri 38 kr/kg, og fóðurstuðull (kg fóður/kg fiskur) er áætlaður 1.6.
 $\text{Fóðurkostnaður} = 38 \times 1.6 = 60.8 \text{ kr/kg.}$

b. Gönguseiðakostnaður.

Gönguseiðaverð er áætlað 55 kr og 20% aföll á seiðum. Meðalþyngd sláturnsfisks er áætluð 2.5 kg.
 $\text{Gönguseiðakostnaður} = 55 \times 1.2/2.5 = 26.4 \text{ kr/kg.}$

c. Launakostnaður.

Gert er ráð fyrir að hvert ársverk skili 45 tonna framleiðslu. Laun með launatengdum gjöldum eru áætluð 900.000 kr.
 $\text{Launakostnaður} = 900.000/45.000 = 20.0 \text{ kr/kg}$

c. Rafmagnskostnaður.

Rafmagnskostnaðurinn er háður orkunotkun og rafmagnsverði. Orkunotkun við að framleiða eitt kg af laxi finnst með hjálpu jöfnu:

$$O = \frac{V \times T \times M \times Mb}{A} = \frac{0.444 \times 720 \times 18 \times 0.7}{240} = 16.8 \text{ kwst.}$$

V = Vatnsnotkun fisksins, lítrar/kg fisk/min.

A = Afköst dælu, lítrar/kw/min.

T = Fjöldi tíma í mánuði.

M = Framleiðslutími í mánuðum.

Mb = Meðalþyngd fisksins á timabili.

Forsendur fyrir útreikningi á vatnsnotkun fisksins er að

finna í viðauka 1. Afköst dælu miðast við tæplega 20 metra dælingarhæð. Til að framleiða 1 kg af laxi barf 16.8 kwst, miðað við að fiskurinn sé alinn að meðaltali í 7.5 °C heitum sjó og súrefnisonokun fisksins sé 1.6 mg súrefni/kg fisk/min. Hver kwst kostar um 2.0 kr.

$$\text{Rafmagnskostnaður} = 16.8 \times 2.0 = 33.6 \text{ kr/kg}$$

d. Tryggingar (fishs).

Meðalvátryaggingarverðmæti fisksins er áætlað 130 kr/kg og tryggingarprósenta 7%, framleiðslutími 1.5 ár.

$$\text{Tryggingarkostnaður} = 130 \times 1.5 \times 7/100 = 13.7 \text{ kr/kg}$$

e. Vextir af rekstrarlánum.

Aætlað er að á hvert framleitt kg burfi að meðaltali rekstrarlán upp á 105 kr/kg, með 8% vöxtum, framleiðslutími 1.5 ár.

$$\text{Vaxtakostnaður} = 105 \times 1.5 \times 8/100 = 12.6 \text{ kr/kg.}$$

f. Annar kostnaður.

Stjórnunarkostnaður, viðhald, trvggingar á fjárfestingu, opinber gjöld og annað. I norsku sjókvældi er bessi kostnaður um 15 kr/kg sem við notum í þessum útreikningum.

g. Afskriftir og vextir.

I strandeldi kostar hver rúmmetri 6-8000 kr. I þessum útreikningi gefum við okkur kostnað upp á 7000 kr/m³ og afskriftartíma í 15 ár. Vextir af lánum eru 8% og framleiðsla á rúmmetra, er áætluð 25 kg.

$$\text{Afskriftir} = 7000/25/15 = 18.7 \text{ kr/kg.}$$

$$\text{Vextir} = 7000/25 \times 8/100 = 22.4 \text{ kr/kg.}$$

3.3. SAMANBURDUR Á FRAMLEIÐSLUKOSTNAÐI I STRANDELDI OG SJÓKVIAELDI.

Eins og tafla 2 sýnir er framleiðslukostnaður í strandeldi 223.2 kr/kg og í sjókvældi 168.1 kr/kg. Mismunur er bvi 55.1 kr/kg, þegar sömu forsendur eru notaðar fyrir bá liði sem eru sameiginlegir fyrir bessi tvö form laxeldis (síða töflu 1. sjókvældi og strandeldi (A)). Hærri framleiðslukostnaður í strandeldi kemur af rafmagnskostnaði sem ekki er til staðar í sjókvældi. Einnig er fjárfestingarkostnaður mun hærri.

Tafla 1. Forsendur fyrir útreikningi á framleiðslukostnaði sjókvældi og strandeldi. Fyrir strandeldi (A) eru notaðar sömu forsendur og sjókvældi bar sem bvi er hægt að koma við. I strandeldi (B) eru bjartsýnni forsendur notaðar. Strandeldi (C) notar heitt vatn, einnig eru bjartsýnar forsendur notaðar.

Forsendur	Sjókvældi		Strandeldi		
	A	B	A	B	C
Framleiðsla á m ³ (kg/m ³)	17.0	25.0	25.0	35.0	
Hitastið í eldisvökva (°C)	7.5	7.5	7.5	10.0	
Framleiðslutími (ár)	1.5	1.5	1.5	1.1	
Sláturstærð (kg)	2.5	2.5	2.5	2.5	
Fóðurverð (kr/kg)	38.0	38.0	38.0	38.0	
Fóðurstuðull (kg/kg)	1.6	1.6	1.4	1.3	
Seiðaverð (kr/st)	55.0	55.0	35.0	25.0	
Afföll (%)	20.0	20.0	10.0	10.0	
Framleiðsla á mannár (tonn)	45.0	45.0	55.0	55.0	
Arslaun með launatena. gj.(bús)	900.0	900.0	900.0	900.0	
Orkunotkun, rafm. (kwst/kg fisk)	0.0	16.8	13.7	13.3	
Rafmagnsverð (kr/kwst)	2.0	2.0	1.0	1.0	
Heitt vatn, kostn. per ár (kr/kw)					220.0
Meðalvátrvggingarverð. (kr/kg)	130.0	130.0	130.0	130.0	
Tryggingarprósenta (%)	7.0	7.0	4.0	4.0	
Rekstrarlán á fisk (kr/kg)	90.0	105.0	75.0	70.0	
Vextir (%)	8.0	8.0	7.0	7.0	
Annar kostnaður (kr/kg)	15.0	15.0	15.0	10.5	
Kostnaður á rúmmetra (kr)	1636	7000	7000	7000	
Afskriftartími (ár)	7.0	15.0	15.0	15.0	

Tafla. 2. Framleiðslukostnaður í sjókvældi og strandeldi (A). Fyrir strandeldi (A) eru notaðar sömu forsendur og sjókvældi bar sem bvi er hægt að koma við. I strandeldi (B) eru bjartsýnni forsendur notaðar. Strandeldi (C) notar heitt vatn. Notaðar eru einnig bjartsýnar forsendur.

Kostnaður	Sjókvældi		Strandeldi	
	kr/kg	kr/kg	kr/kg	kr/kg
Fóður	60.8	60.8	53.2	49.4
Seiði	26.4	26.4	15.4	11.0
Laun/eldi	20.0	20.0	16.4	16.4
Rafmagn		33.6	13.7	13.3
Heitt vatn				13.3
Trvggingar (fisk)	13.7	13.7	7.8	5.7
Vextir rekstrarlán	10.8	12.6	7.4	5.4
Annar kostnaður	15.0	15.0	15.0	10.5
Afskriftir	13.7	18.7	18.7	13.3
Vextir	7.7	22.4	19.6	14.0
Samtals	168.1	223.2	167.2	152.3

4. FRAMLEIÐSLUSTJÓRNUN I STRANDELDI.

Mun hærri framleiðslukostnaður er í strandeldi en í sjókvíaeldi þegar sömu forsendur, sem eru sameiginlegar fyrir bessar tvær aðferðir laxeldis, eru notaðar. Þvíkirkvi ástæða til að draga inn í dæmið alla þá líði sem mögulegt er að stjórna í strandeldisstöð til að betrumbæta rekstrardæmið gagnvart sjókvíaeldi.

4.1 UMHVERFISBÆTTIR OG LIFFRÆDILEGAR FORSENDUR.

I strandeldi er hægt að trygga mikinn stöðugaleika í umhverfi fisksins, og stjórna því að mörgu leyti. Stjórnunin er í flestum tilvikum fólgin i upphitun á eldisvökva ýmist með jarðhita eða hlýjum sjó úr borholum. Aðrir umhverfisbættir, sem hægt er að stjórna í strandeldi, eru selta, súrefnisinnihald eldisvökva, straumhraði og straummyndun í eldiskeri. Hér fyrir neðan er yfirlit yfir umhverfisbætti sem hafa áhrif á liffræðilega framleiðslustjórnun.

a. Hitastig.

Hærra hitastig, meiri vaxtarhraði og veituhraði í stöðinni.

b. Selta.

Hægt að stjórna seltumaðni í kerjunum og barmeð minnka dauða hjá illa "smoltuðum" seiðum og kvnbrokska fiski.

c. Súrefnisinnihald eldisvökva.

Möguleiki er á að dæla hreinu súrefni í eldisvökvann eða vera með beina loftun í eldiskerin.

d. Straumhraði og straummyndun.

Stjórnun straumhraða gefur möguleika á jafnari straummyndun og barmeð möguleika á jafnari dreifingu á fiskinum. Einnig er súrefnisnotkun fisksins háð straumhraða.

4.2 LIFFRÆDILEGAR FORSENDUR FYRIR FRAMLEIDSLUSTJÖRNUN.

Stjórnun á hita, seltu, súrefnisinnihaldi eldisvökva, ásamt straumhraða og straummyndun í eldiskeri strandeldisstöðva, gefur meiri möguleika á framleiðslustýringu en í sjókvældi. Hér á eftir verður sýnt fram á hvernig stjórnun á hinum einstöku umhverfispáttum getur lækkat einstaka kostnaðarliði.

a. Hitastig.

Hærra hitastig eykur vaxtarhraða fisksins og styttir framleiðslutimann. Því fylgir lækkun trvggingarkostnaðar og vaxta af rekstrarlánum.

Hærra hitastig eykur veltuhraða stöðvarinnar og framleiðslumagn sem lækkar fastakostnað.

Hækkun á hita að kjörhitastiði (ca 10 °C) fyrir fóðurnýtingu lækkar fóðurstuðul og þar með fóðurkostnað.

b. Selta.

Stjórnun á seltumagni í eldiskerjum minnkar dauða illa "smoltaóra" seiða og kynbroska fiska. Minni dauði lækkar seiða- og fóðurkostnaðinn. Stjórnun á seltumagni og hitastiði gerir það að verkum að hægt er að setja seiði allt árið í eldiskerin og gefur möguleika á jafnari bétteika og slátrun vfir árið. Eftir mikil aföll á fiski er hægt að setja fljótlega mikinn fjölda seiða í stöðina. Stjórnun seltu í eldiskerum ætti því að auka framleiðslumöguleika stöðvarinnar þegar litio er til lengri tíma og minnka fastakostnaðinn á hvert framleitt ka.

Stjórnun á seltumagni og hitastiði í eldiskerjunum eykur einnig sveigjanleika í framleiðslu stöðvarinnar. Framleiðslan getur verið matfiskur, stórseiði og qónauseiði. I bessari grein verður einungis tekin fyrir framleiðsla á matfiski.

c. Súrefnisinnihald eldisvökva.

Dæling á súrefni eða bein loftun í eldisker gefur svigrúm til að auka bétteika í stórum kerjum og fá betri nýtinu á heitu vatni. Einnig er betta ódýrara súrefni en úr vatni sem lækkar rafmagnskostnaði.

d. Straumhraði og straummyndun.

Súrefnisnotkun fisksins er háð straumhraða og rétt straummyndun í keri er forsenda fyrir háum bétteika. Bestun á straumhraða og straummyndun í eldiskeri getur lækkað rafmaagnskostnað vegna minni dælingar og hækjunar á bétteika og framleiðslu vegna réttrar straummyndunar í eldiskerinu.

4.3 FRAMLEIÐSLUSTJORNUN - FRAMLEIÐSLUKOSTNAÐUR.

Hér verða athugaðir möguleikar á að stjórna og lækka framleiðslukostnað i strandeldi. Fyrst verða teknir fyrir möguleikar á lækkun á fyrri forsendum framleiðslukostnaðar i strandeldi (A). Framleiðslukostnaður sem miðaður er við bjartsýnni forsendur en í strandeldi (A) kallast strandeldi (B), og framleiðslukostnaður miðaður við bjartsýnni forsendur og notkun á heitu vatni kallast strandeldi (C).

Við útreikningana á framleiðslukostnaði er hér gert ráð fyrir eðlilegu rekstrarári. I útreikningum er ekki tekið tillit til atriða eins og áfalla og að það tekur nokkur ár frá stofnun laxeldisfyrirtækis að ná eðlilegu framleiðslumagni.

4.3.1 FRAMLEIÐSLUKOSTNAÐUR - STRANDELDI (B).

a. Fóðurkostnaður.

I strandeldi ætti að vera betra að fylgjast með vfirfóðrun með því að setja "fóðursafnara" í frárennsli á hverju keri. Fóðursafnari gæti verið rist sem hleypti vatni og skit í gegnum, en héldi fóðrinu. Einnig má gera ráð fyrir minni aföllum á stórum fiski í strandeldi en sjókvíaeldi. Vegna minni áfalla og minni vfirfóðrunar, má ætla að fóðurstuðullinn lækki frá 1.6 niður í 1.4. Fóðurverð er óbreytt, eða 38 kr/kg. Fóðurkostnaður = $38 \times 1.4 = 53.2 \text{ kr/kg.}$

b. Gönguseiðakostnaður.

Til að lækka gönguseiðakostnaðinn er hægt að kaupa seiði (30 gr.) að hausti til á 25 kr í staðinn fyrir 55 kr á vorin. Það eð hægt er að stjórna seltu í eldiskerjum og fiskurinn er betur varinn gegn sjúkdómum en fiskur í sjókvíaeldi, er ekki óraunhæft að reikna með minni dauða. Aætla má að afföll lækki úr 20% niður í 10%. Meðalþvngd sláturfisks er óbreytt, eða 2.5 kg. Þar sem ekkert heitt vatn er til ráðstöfunar er vöxtur fisksins mjög litill. Vaxtarátimabil fisksins hefst bvi ekki fyrr en um vorið.

Kostnaður samfara geymslu og fóðrun er áætlaður 10 kr. á seiði.
Gönguseiðakostnaður = $35 \times 1.1 / 2.5 = 15.4$ kr/kg.

c. Launakostnaður.

Vegna betri vinnuaðstöðu í strandeldi má gera ráð fyrir lægri launakostnaði, eða aukningu úr 45 tonnum í 55 tonn per mannár. Laun með launatengdum gjöldum eru óbreytt, eða 900 bús. kr.

$$\text{Launakostnaður} = 900.000 / 55.000 = 16.4 \text{ kr/kg.}$$

d. Rafmagnskostnaður.

Hér er reiknað með lækkun á rafmagnskostnaði úr 2.0 kr/kwst í 1.0 kr/kwst. Einnig er tekin í notkun bein dæling á lofti í eldiskerin. Gert er ráð fyrir að 25% af súrefnisbörfl fisksins komi frá loftuninni. Orkunotkun á beinni loftun í eldisker er áætluð 25% af orkubörfl við dælingu af sama magni af súrefni. Orkunotkun þegar allt súrefnið er fengið úr eldisvökvanum er 16.8 kwst til að framleiða eitt kg af laxi, eins og í strandeldi (A). Orkunotkun = $\text{kwst}(16.8 \times 0.75 + (16.8 \times 0.25) \times 0.25) = 13.7$ kwst
 $\text{Rafmagnskostnaður} = 1.0 \times 13.7 = 13.7 \text{ kr/kg.}$

e. Tryggingardar (fisks).

I strandeldissstöð með góðum örvgagisbúnaði má ætla að tryggingarþrósentan lækki. I útreikninganum hér er gert ráð fyrir að hún lækki úr 7% niður í 4%. Framleiðslutímuminn er 1.5 ár og meðalvátrvgingarverðmæti 130 kr.

$$\text{Tryggingarkostnaður} = 130 \times 1.5 \times 4 / 100 = 7.8 \text{ kr/kg.}$$

f. Annar kostnaður.

Annar kostnaður er óbreyttur frá bvi sem var í strandeldi (A), eða 15.0 kr/kg.

g. Vextir af rekstrarlánum.

Vegna lækkunar á rekstrarkostnaði lækka rekstrarlán úr 105 kr/kg niður í 75 kr/kg. Gert er ráð fyrir 7% vöxtum í staðinn fyrir 8% eins og í strandeldi (A). Framleiðslutímuminn er sá sami, eða 1.5 ár.

$$\text{Vextir} = 70 \times 1.5 \times 7 / 100 = 7.4 \text{ kr/kg.}$$

h. Afskriftir og vextir.

Hér er áætlað að vextir lækki úr 8% niður í 7%. Aðrar forsendur eru óbreyttar eða hver rúmmetri kostar 7000 kr og afskrifast á 15 árum. Framleiðsla á rúmmetra er 25 kg/m³.
 $\text{Afskriftir} = 7000 / 25 / 15 = 18.7 \text{ kr/kg.}$

$$\text{Vextir} = 7000 / 25 \times 7 / 100 = 19.6 \text{ kr/kg.}$$

4.3.2 FRAMLEIDSLUKOSTNADUR - STRANDELDI (C).

a. Fóðurkostnaður.

Hitastið um 10 C er nálægt kjörhitastið fyrir bestu fóðurnýtingu. Vegna betri fóðurnýtingar í strandeldi (C) miðað við strandeldi (B) áætlum við að fóðurstuðullinn lækki úr 1.4 niður í 1.3. Fóðurverð er óbreytt, eða 38 kr/kg.

Fóðurkostnaður = $38 \times 1.3 = 49.4$ kr/kg.

b. Gönguseiðakostnaður

Eins og í strandeldi (B) eru seiðin kevpt að hausti á 25 kr. Þar sem heitt vatn er til ráðstöfunar í strandeldisstöð (C) hefst vaxtarítmabilið strax um haustið. Af öll eru áætluð 10 % og sláturstærð 2.5 kg eins og í strandeldi (B).

$$\text{Gönguseiðakostnaður} = 25 \times 1.1 / 2.5 = 11.0 \text{ kr/kg}$$

c. Launakostnaður

Launakostnaður er sá sami og í strandeldi (B), eða 16.4 kr/kg.

d. Rafmagnskostnaður

Rafmagnskostnaður er háður orkunotkun og rafmagnsverði. Orkunotkun finnst skv. jöfnu:

$$O = \frac{V}{A} \times T \times M \times Mb = \frac{0.6}{240} \times 720 \times 13 \times 0.7 = 16.4 \text{ kwst.}$$

V = Vatnsnotkun fisksins, litrar/kg fisk/min.

A = Afköst dælu, litrar/kw/min.

T = Fjöldi tíma í mánuði.

M = Framleiðslutími í mánuðum.

Mb = Meðalþyngd fisksins á framleiðslutímabilinu.

Forsendur fyrir útreikningi á vatnsnotkun fisksins er að finna í viðauka 1. Afköst dælu miðast við tæplega 20 metra dælingarhæð. Gert er ráð fyrir að 25% af sörefnisbörft fisksins komi frá loftuninni. Orkunotkun við beina loftun í eldisker er áætluð 25% af orkubörft við dælingu á sama magni af sörefni. Orkunotkun = kwst($16.4 \times 0.75 + (16.4 \times 0.25) \times 0.25$) = 13.3 kwst. Við gefum okkur lækkun á rafmagnsverði úr 2.0 kr/kwst niður í 1.0 kr/kwst eins og í strandeldi (B). Rafmagnskostnaður = $1.0 \times 13.3 = 13.3$ kr/kg.

e. Orkunotkun - heitt vatn

Meðalorkubörft hjá fiski sem er að meðaltali 0.7 kg á framleiðslutimanum og alinn upp í eldisvatni sem er hitað upp um 2.5°C er 0.0549 kw (viðauki 3). Fjárfesting vegna öflunar á heitu vatni er mjög mismunandi. Hér er reiknað með að hvert kw kosti 2000 kr. Fjárfestingin er afskrifuð á 25 árum og með 7% vöxtum. Kostnaður á ári er bvi 220 kr/kw (viðauki 3). Framleiðslutíminn er 1.1 ár.

$$\text{Orkukostnaður - heitt vatn} = 0.0549 \times 220 \times 1.1 = 13.3 \text{ kr/kg.}$$

f. Tryggingar (fisks)

Við hækkan á meðalhita úr 7.5°C upp í 10.0°C styttilist framleiðslutíminn úr 1.5 ári niður í 1.1 ár. Aðrar forsendur eru bær sömu og í strandeldi (B). Trvggingaprósentan er 4% og vártryggingaverðmæti 130 kr/kg.

$$\text{Tryggingarkostnaður} = 130 \times 1.1 \times 4 / 100 = 5.7 \text{ kr/kg.}$$

g. Annar kostnaður

Annar kostnaður lækkar um 30% vegna aukningar á framleiðslu per rúmmetra úr 25 kg í 35 kg (sjá viðauka 2), eða úr 15.0 kr/kg

eins og í strandeldi (B) niður í 10.5 kr/kg.

h. Vextir af rekstrarlánum.

Rekstrarlán eru um 70 kr/kg. Aukinn vaxtarhraði styttrir framleiðslutímann úr 1.5 árum niður í 1.1 ár. Vextir á lánum eru 7%.

$$\text{Vextir} = 70 \times 1.1 \times 7/100 = 5.4 \text{ kr/kg.}$$

i. Afskriftir og vextir.

Vegna aukins vaxtarhraða eykst veltuhraðinn og framleiðsla á rúmmetra frá 25 kg upp í 35 kg (sjá viðauka 2) sem er svipaður veltuhraði og hjá vel reknum skoskum strandeldisstöðvum. Kostnaður á rúmmetra er 7000 kr. Afskriftartimi og vextir eru þeir sömu og í strandeldi (B), eða 15 ár og 7%.

$$\text{Afskriftir} = 7000/35/15 = 13.3 \text{ kr/kg.}$$

$$\text{Vextir} = 7000/35 \times 7/100 = 14.0 \text{ kr/kg.}$$

5. SLATRUNARKOSTNAÐUR OG KOSTNAÐUR VIÐ MARKAÐSSETNINGU.

5.1 SLATRUNAR- OG UMBÚDARKOSTNAÐUR.

Fiskeoppdretterens Salgslag (1987) gefur upp að kostnaður við slægingu og pökkun sé 18 kr/kg. Reikna má með að það takist að lækka þennan kostnað eitthvað. Til að slátra 1 tonni af laxi barf 20 manntíma hjá þjálfuðum mannskab. Miðað við 350 kr timalaun með launatengdum gjöldum er því launakostnaður við slátrun 7 kr/kg. Til viðbótar kemur kostnaður við aðstöðu. Það er því ekki óraunhæft að gera ráð fyrir að slátrunar- og pökkunarkostnaður geti verið rúmar 10 kr/kg þar sem tími starfsmanna og aðstaða nýtist vel.

Umbúðakostnaður er mismunandi eftir því hvort varan er send með skipi eða flugvél á erlendan markað. Umbúðarkostnaður er um 340 kr kassinn í flugi, en 110 kr þegar flutt er með skipi. Í hverjum kassa eru 20 kg af laxi. Umbúðakostnaður er bvi 17 kr/kg þegar sent er með flugi og 5.5 kr/kg þegar sent er með skipi.

5.2 FLUTNINGSKOSTNAÐUR OG KOSTNAÐUR VIÐ SOLU.

Flutnings- og sölukostnaður á laxi sem fluttur er með skipi og bílum til fiskmarkaða í Evrópu er frá 40 til 60 kr/kg. Flutnings- og sölukostnaður á laxi með flugi til USA er um 110

kr/kg. Þessi kostnaður getur verið mismunandi allt eftir bvi hvert i Evrópu og USA fiskurinn er fluttur og eftir bvi hve mikil magn er flutt í einu. Inn í þessum verðum er flutningur, umboðslaun, innlendra og erlendra aðila, tryggingar og tollar.

6. UMRÆDUR.

6.1 FÓÐURKOSTNADUR.

Fóðurkostnaður ákvarðast af fóðurstuðli (kg fóður/kg fisk) og fóðurverði. Eftirfarandi þættir hafa áhrif á fóðurstuðulinn:

a. Orkuinnihald fóðursins. Teoretiskt þarf 13.6 MJ til að framleiða 1 kg af seiðum.

b. Yfirlfóðrun.

c. Afþoll, sérstaklega þegar stór fiskur devr.

d. Hitastig. Bestur fóðurstuðull næst við ca. 10 °C (Brett og Groves 1979; Elliott 1986).

e. Stærð fisksins. fóðurstuðull hækkar með aukinni fiskstærð (Brett og Groves 1979; Roberts og Shepherd 1986).

f. Við kynþroska fer orka í að framleiða svil og hróan.

g. Með auknu stressi eða sundhraða fer meira af orkunni úr fóðrinu í brennslu (Brett 1965) og minna af orkunni í vöxt.

Mun betra er að fylgjast með lið b, d og g í strandeldi en í sjókvíaeldi. Við hönnun og staðsetningarval á strandeldisstöðvum ætti bvi að taka tillit til þessara bátta.

Hægt er að fylgjast nákvæmlega með yfirlfóðrun í strandeldi með bvi að setja fóðursafnara við hvert ker. T.d ristará sem hleypa öllu vatni og úrgangi gengum síq en halda fóðrinu eftir.

Stjórnun á hitastiði í strandeldi gerir kleift að hafa hita við kjörhitastið fyrir fóðurnýtingu og lækka þarmeð fóðurstuðulinn.

Með auknum sundhraða (súrefnismotkun) fer meira af orkunni í brennslu, en það ber líka að hafa í huga að fiskurinn mæltir fæðuna betur við kjör sundhraða. Þá verður fiskurinn einnig meira silfraður, og fastari í vöðva (Besner 1980; Kuipers 1982). Bestun á öllum þessum báttum er bvi nauðsynleg til að ná sem bestum árangri.

6.2 GÖNGUSEIÐAKOSTNAÐUR - SLÁTURSTÆRD.

Með lækkandi verði gönguseiða verður seiðakostnaðurinn minni hlutdeild af framleiðslukostnaðinum. Sé verð gönguseiða hátt er reynt að hafa sláturbunga fisksins sem mestan. Gönguseiðaverð t.d. við 80 kr/st lækkar seiðakostnaðurinn úr 32 kr/kg niður í 16 kr/kg með því að hækka sláturbunga úr 2.5 kg upp í 5 kg. Séu seiðin keypt á 25 kr er bessi munur orðinn mun minni. Gönguseiðakostnaðurinn er þá kominn niður í 10 kr/kg fyrir 2.5 kg fisk og 5 kr/kg fyrir 5 kg fisk. Með því að kaupa seiði um haustið á 25 kr er hlutur seiðakostnaðar af framleiðsluverði orðinn óverulegur. Lágur seiðakostnaður qefur því mun meira svigrúm til framleiðslu á minni fiski.

Þegar tekin er ákvörðun um stærð á slátfiski, ber að hafa í huga eftirfarandi atriði:

- a. Gönguseiðaverð.
- b. Með auknum framleiðslutima (stærri fiski) evkst vaxtarkostnaðurinn á hvert framleitt kg, sérstaklega þegar vextir eru háir.
- c. Framleiðsla á stærri slátfiski minnkar vaxtarhraða fisksins (sjá töflu í viðauka 2) og ef til vill veltuhraða stöðvarinnar. Veltuhraði er háður vaxtarhraða fisksins og þéttleika í kérjum. Með aukinni fiskistærð er hægt að hafa meiri þéttleika.
- d. Fóðurstuðull hækkar eftir því sem stærri fiski er slátrað (Brett og Groves 1979; Roberts og Shepherd 1986). Þessi munur getur verið verulegur ef stór hluti af fiskinum verður kynbroska á timabilinu.
- e. Afföll. Meiri afföll gera haqkvæmara að slátra minni fiski.
- f. Mismunur á markaðsverði mismunandi stærða. Oftast er borgað hærra verð eftir því sem fiskurinn er stærri.

Til betri skyringar á haqkvæmustu sláturstærð og ákvárdanatöku sjá Crampton og Jackson (1981) og Ragnar Arnason (1986).

6.3 ORKUKOSTNADUR.

Orkukostnaður í strandeldi er mjög hár miðað við sjókvældi, en þar er þessi kostnaður hverfandi. Þetta er bvi kostnaðarliður sem nær eingöngu er að finna í strandeldi og veikir þar með samkeppnismöguleika strandeldis gagnvart sjókvældi. Orkukostnaðurinn er rafmagnskostnaður vegna dælingar á eldisvökva í ker og í einstökum strandeldisstöðvum kostnaður vegna öflunar á heitu vatni.

6.3.1 RAFMAGNSKOSTNADUR.

Rafmagnskostnaður í íslenskum strandeldisstöðvum er í dag um 30 kr/kg. Þættir sem áhrif hafa á rafmagnskostnaðinn eru eftirfarandi:

- Rafmagnsverð.
- Loftun í ker eða súrefnisbæting á eldisvökva.
- Straumhraði í kerjum (súrefnisnotkun fisksins).
- Afkost við dælingu (litrar/kw/sek).

Rafmagnsverð til íslenskra strandeldisstöðva hefur verið um 2 kr/kwst og orkunotkun er um 16 - 17 kwst til að framleiða eitt kg af laxi. Þessi orkunotkun miðast við lágan straumhraða, 0.5 fiskilengdir á sek og enga loftun í ker eða súrefnisbætingu.

Með beinni loftun í eldisker er hægt að lækka rafmagnskostnaðinn vegna mun lægri kostnaðar við að afla 1 kg af súrefni með beinni loftun í ker en með sjódælinu. Það súrefnismagn sem fæst frá sjódælu sem dærir 4 litrum/kw/sek er ca. 0.05 kg súrefni/kwst og reiknast skv. jöfnu:

$$S = \frac{Se \times A \times K1}{K2} = \frac{3.5 \times 4.0 \times 3600}{1.000.000} = 0.05 \text{ kg súrefni/kwst.}$$

Se = Súrefnisinnihald eldisvökva, mg súrefni/liter.

A = Afköst dælu, litrar/kw/sek.

K1 = Breytt sek í tíma.

K2 = Breytt úr mg í kg.

Frá beinni loftun í eldisker fæst meira en 0.25 kg súrefni/kwst (sjá Forchhammer og Heerfordt 1985). Það fæst bvi meira en fimm sinnum meira súrefni frá einni kwst við loftun en við sjódælinu.

Bein dæling á lofti í eldisker bjónar þrennskonar tilgangi. Í fyrsta lagi súrefnispáttist eldisvökvinn. Í óðru lagi virkar loftunin sem "buffer", það er að segja, þegar súrefnisinnihald eldisvökvans er lágt leysist meira af súrefnин úr loftinu í eldisvökvann. Í þriðja lagi er öruggi að hafa beina loftun, t.d. ef stórá hluti af sjódælunum fellur út eða vatn hættir að renna í kerio. Bein loftun í eldisker qetur þá haldið lifi í fiskinum í mun lengri tíma miðað enga loftun.

Straumhraði í eldiskeri qetur skipt miklu í sambandi við rafmagnskostnaðinn. Með því að auka straumhraða frá 0.5 fiskilengdum/sek í 1 fiskilengd/sek evkst súrefnisnotkun fisksins um 50%. Í strandeldi (A) t.d. var sem rafmagnskostnaðurinn var 33.6 kr/kg við straumhraða 0.5 fiskilengd/sek hækkar rafmagnskostnaðurinn í 53.8 kr/kg við bað að auka straumhraðann í 1 fiskilengd á sek.

Þegar ákvörðun um straumhraða í eldiskeri er tekin verður auk rafmagnskostnaðar að taka tillit til hreinsunar kerja og þess sem ávinnst með auknum straumhraða. Eftir því sem straumhraðinn er meiri, hreinsar kerio síg betur og minna af gróðri festir síg á botni og veggjum kersins. Við kjörstrauumhraða verður fiskurinn heilbrigðari, meira straumlinulagaður, silfraðri og fastari í vöðvum (Besner 1980; Kuipers 1982). Heppilegasti straumhraði ræðst því af rafmagnsverði og þeim kostum sem næst með auknum straumhraða.

Afköst við dælingu (litrar/kw/sek) hafa mikil áhrif á rafmagnskostnaðinn. Rafmagnsbörf er reiknuð skv. jöfnu:

$$P = \frac{Q \times H \times E}{K \times Md} = \frac{1.0 \times 17 \times 1030}{102 \times 0.7} = 245 \text{ kw}$$

Q = Rennsli í m³/sek.

H = Þrýstihæð í metrum.

E = Eðlisþvngd vökva (sjór 1030 kg/m³).

K = Konstant (102).

Md = Nýtni mótors og dælu (70%).

Við dælingu á 1 m³/sek og lvftihæð í 17 metra eins og er í mörgum íslenskum strandeldisstöðvum er rafmagnsbörfin 245 kw og afköst dælu 4.08 litrar/kw/sek. Með því að lækka dælingarhæðina niður í 10 metra fer raforkubörfin niður í 144 kw og afköst dælu upp í 6.9 litrar/kw/sek. Lækkun á dælingarhæð úr 17 metrum eins

og reiknað er með í útreikningunum hér fyrir framan. niður í 10 metra í strandeldi (A) lækkar rafmagnsverðið úr 33.6 kr/kg niður í 18.3 kr/kg. Útreikningur á rafmagnskostnaði er skv. jöfnu:

$$R = \frac{V}{A} \times T \times M \times Mb \times P =$$

V = Vatnsnotkun fisksins, litrar/kg fisk/min.

A = Afköst dælu, litrar/kw/min.

T = Fjöldi tíma í mánuði.

M = Framleiðslutimi i mánuðum.

Mb = Meðalþynqd fisksins á timabilinu.

P = Rafmagsverð, kr/kwst.

I töflu 3. er gefið yfirlit yfir rafmagnskostnað miðað við mismunandi rafmagnsverð, dælingarhæð og straumhraða í kerjum.

Tafla 3. Rafmagnskostnaður í krónum á hvert framleitt kiló miðað við mismunandi rafmagnsverð, dælingarhæð og straumhraða í eldiskerjum. Gert er ráð fyrir að vatnsnotkun fisksins sé 0.444 litrar/kg fisk/min við straumhraða 0.5 fiskilengdir á sek og 0.666 litrum/kg fisk/min við straumhraða á 1.0 fiskilengd á sek. Afköst dælu er 208 litrar/min við 20 metra dælingarhæð og 414 litrar/min við 10 metra dælingarhæð. Framleiðslutiminn er 18 mánuðir og meðalþynqd fisksins á timabilinu er 0.7 kg.

Dælingar- hæð (m.)	Straumhraði (fisklengd/sek)	Rafmagnsverð (kr/kwst)			
		2.0	1.0	0.5	0.25
20	0.5	38.7	19.4	9.7	4.8
	1.0	58.1	29.0	14.5	7.3
10	0.5	19.5	9.7	4.9	2.4
	1.0	29.2	14.6	7.3	3.6

Eins og taflan sýnir, er hægt að lækka rafmagnskostnaðinn mikið, ef rafmagnsverð fæst á stóriðjutaxta. Miðað við 10 metra lvftihæð, straumhraða á 0.5 fisklengd á sekúndu og rafmagnsverð á 0.25 kr/kwst er rafmagnskostnaðurinn komin niður í 2.4 kr/kg.

Það er lika hægt að lækka rafmagnskostnaðinn með beinni dælingu á lofti i eldiskerin. Til samanburðar fæst úr beinni loftun í eldisker um 0.25 kg súrefni/kwst á móti 0.05 kg súrefni/kwst úr sjó sem er að meðaltali 7.5 °C. Úr hverjum litra af sjó sem er 7.5 °C er hægt að taka 3.6 mg súrefni/litra ef miðað er við að súrefnisinnihald í frárennsli sé um 6.0 mg súrefni í liter (sjá töflu i viðauka 1). Viðbótar súrefni yrði

6.3.2 UPPHITUN Á ELDISVOKVA.

Hér á landi er sum staðar mikið af heitu vatni og heitum sjó sem nýta mætti til fiskeldis. Hagkvæmni við notkun á heitu vatni ræðst af kostnaði við öflun þess og er ekki sjálfgefið að það sé í öllum tilvikum hagkvæmt.

Með því að hækka hitastigið eykst vaxtarhraðinn (sjá viðauka 2) og styttrir framleiðslutímann. Þar með lækkar tryggingakostnaður og vaxtakostnaður af rekstrarlánum. Hærra hitastig eykur veltuhraða stöðvarinnar og framleiðslumagn sem lækkar fastakostnaðinn. Hækjun á hita að kjörhitastiði (ca. 10 °C) fyrir fóðurnýtingu lækkar fóðurstuðullin og þar með fóðurkostnaðinn (Brett og fleiri 1969).

Eins og tafla 2 sýnir, lækkar framleiðslukostnaðurinn úr 167.2 kr/kg niður í 152.3 kr/kg við notkun á heitu vatni, eða 14.9 kr/kg, eins og synt er í töflu 4. Þrátt fyrir orkukostnað vegna öflunar á heitu vatni á 13.3 kr/kg.

Tafla 4. Lækkun eða hækjun á hinum einstöku kostnaðarliðum við notkun á heitu vatni, upphitað um 2.5 °C í strandeldi (C) miðað við strandeldi (B) sem notast við venjulegan sjávarhita, 7.5 °C að meðaltali.

Kostnaður	Strandeldi		Mismunur Kr/kg
	(B) kr/kg	(C) kr/kg	
Fóður	53.2	49.4	-3.8
Seiði	15.4	11.0	-4.4
Laun/eldi	16.4	16.4	0.0
Rafmagn	13.7	13.3	-0.4
Heitt vatn		13.3	+13.3
Tryggingar/fisk	7.8	5.7	-2.1
Annar kostnaður	15.0	10.5	-4.5
Vextir rekstrarlán	7.4	5.4	-2.0
Afskriftir	18.7	13.3	-5.4
Vextir	19.6	14.0	-5.6
Samtals	167.2	152.3	-14.9

Miðað við gefnar forsendur í útreikningi á framleiðslukostnaði í strandeldi (B) og (C) má kostnaður við öflun á heitu vatni hækka um 14.9 kr/kg, samtals 28.2 kr/kg. Kostnaður á kw mætti því hækka úr 220 kr í rúmar 400 kr á ári til að fjárfestingin verði óarðbær.

Upphitun á eldisvökva ásamt nægu ferskvatni gefur meiri

möguleika á fjölbreyttri framleiðslu, svo sem blöndu af matfisk-, gönguseiða- og stórseiðaframleiðslu. Í þessari grein verður ekki fjallað um gönguseiða- og stórseiðaframleiðslu í strandeldi. En bent skal á, að hver rúmmetri í strandeldistöð er yfirlætt mun ódýrari en i seiðaeldisstöðvum. Það gefur því mun lægri framleiðslukostnað á gönguseiðum og stórseiðum.

6.4 FASTAKOSTNADUR.

Fjárfestingarkostnaður í strandeldi er mjög hár, eða 6000-8000 kr/m³ miðað við um 1.600 kr/m³ hjá sjókvíaeldi. Aftur a móti er fjárfesting í strandeldi afskrifuð á mun fleiri árum en í sjókvíaeldi, eða á 15 árum á móti 7. Fastakostnaður á kg. framleitt í strandeldi (A) er 41.1 kr á móti 21.4 kr/kg í sjókvíaeldi. Við bestu aðstæður er hægt að fara niður í 27.3 kr/kg í strandeldisstöð þar sem hver rúmmetri kostar 7000 kr. Vegna mjög mikils fjárfestingarkostnaðar er strandeldi mjög viðkvæmt fyrir lækkun í framleiðslumagni. Í töflu 5 er yfirlit yfir fastakostnað í sjókvíaeldi og strandeldi (A) og (C) miðað við mismunandi framleiðslumagn.

Tafla 5. Yfirlit yfir fastakostnað hjá sjókvíaeldi og strandeldi (A), (C) miðað við mismunandi framleiðslumagn.

Framleiðsla (kg/m ³)	10	15	20	25	30	35	40
Sjókvíaeldi	36.5	24.3	18.3	14.5			
Strandeldi (A)		68.4	51.4	41.1	34.2		
Strandeldi (C)			47.9	38.4	31.9	27.3	24.0

Ef framleiðsla í strandeldi (A) lækkar um 40%, úr 25 kg/m³ í 15 kg/m³ hækkar fastakostnaðurinn úr 41.1 kr/kg í 68.4 kr/kg, eða 27.3 kr/kg, við hlutfallslega samsvarandi framleiðslulækkun í sjókvíaeldi hækkar framleiðslukostnaðurinn um 14.3 kr/kg.

6.5 SAMKEPPNISMOGULEIKAR.

Það má gera ráð fyrir að kostnaður við flutning og markaðssetningu á íslenskum laxi verði mjög svipaður og er í Noregi. Noregur er lang stærsti framleiðandi á Atlantshafslaxi.

Arið 1986 framleiddu Norðmenn 75% af allri framleiðslu af Atlantshafslaxi (Fish Farming International 1987 vol 14(3)). Það má því ætla að Norðmenn verði mest leiðandi markaðsverð á Atlantshafslaxi í nánustu framtíð.

Þar sem kostnaður við flutning og markaðssetningu er mjög svipaður og í Noregi ráðast samkeppnismöguleikar íslensks strandeldis aðallega af innlendum kostnaði við framleiðslu á laxi. Það eru því framleiðslukostnaður fram að slátrun, slátrunar-og umbúðakostnaður, sem mestu ráða um samkeppnismöguleika íslensks eldislax á erlendum mörkuðum.

Framleiðslukostnaður í strandeldi (A) þar sem notaðar eru sömu forsendur og í sjókvældi þar sem hægt er að koma því við, er 223.2 kr/kg á móti 168.1 kr/kg, eða 55.1 kr/kg hærri. Hár framleiðslukostnaður í strandeldi (A) kemur af rafmagnskostnaði sem er hverfandi í sjókvældi og einnig mun hærri fjárfestingarkostnaði. Rafmagnskostnaður í strandeldi (A) er 33.6 kr/kg og afskriftir og vextir 41.1 kr/kg, samtals 74.7 kr/kg á móti 21.4 kr/kg í sjókvældi. Framleiðslukostnaður í norsku sjókvældi er 185 kr/kg (OLsen, 1987), eða 38.2 kr/kg lægri en í strandeldi (A). I útreikningum á framleiðslukostnaði í strandeldi og sjókvældi er gert ráð fyrir eðlilegu rekstrarári. Ekki er tekið tillit til atriða, eins og áfalla, og það tekur nokkur ár frá stofnun laxeldisfyrirtækis að ná eðlilegu framleiðslumagni. Það má því gera ráð fyrir að sjókvældi á Íslandi hafi svipaðan framleiðslukostnað og sjókvældi í Noregi sem er 185 kr/kg, og bætist því við um 20 kr/kg.

Ef gengið er út frá betri framleiðsluforsendum í strandeldi, eins og gert er í strandeldi (B), er hægt að lækka framleiðslukostnaðinn úr 223.2 kr/kg sem var í strandeldi (A) niður í 167.2 kr/kg. Að viðbættum 20 kr/kg vegna áfalla ætti strandeldi (B) að geta verið með svipaðan framleiðslukostnað og í sjókvældi í Noregi. I þessum útreikningi er gert ráð fyrir mikilli lækkun á rafmagnsverði og seiðaverði vegna kaupa á seiðum um haustið í staðinn fyrir um vorið. Einig er gert ráð fyrir lægri fóðurstuðli, tryggingarprósentu, vöxtum og meiri framleiðslu á mannár.

I strandeldi (C) sem notar ódyrt heitt vatn en sömu forsendur og strandeldi (B) getur framleiðslukostnaðurinn verið

svipaður og jafnvel lægri en i norsku sjókvíaeldi. Æstæðan fyrir lækkun á framleiðslukostnaði í strandeldi (C), miðað við strandeldi (B) er styttning á framleiðslutimanum og aukinn veltuhraða í stöðinni og þar með lækkun á ýmsum rekstrarkostnaðarliðum og fastakostnaði.

8.0 TILVITNANIR.

Arni Helgasson, 1987. Aðferðir í laxeldi og helstu forsendur. Freyr 83 (2):53-8.

Besner, M., 1980. Physical training: An affordable strategy for salmon enhancement. Ph.D.Thesis, University of Washington, Seattle, WA, 200pp.

Brett, J.R., 1965. The swimming energetics of salmon. Scientific Am. 213 (2):80-5.

Brett, J.R. and Groves, T.D.D., 1979. Physiological energetics. In: Fish Physiology VIII. (eds W.S. Hoar, D.J. Randall and J.R. Brett), pp.280-353. Academic Press.

Crampton, V. and Jackson, A., 1981. Large or small? Harvest size is the critical factor. Fish Farmer. 4(4):24-6.

Elliott, J.M., 1982. The effects of temperature and ration size on the growth and energetics of salmonids in captivity. Comp.Biochem.Physiol. 73B:81-91.

Fiskeoppdretterens Salgslag, 1987. Minstepriser. Norsk Fiskeoppdrett. 12(5):31.

Forchhammer, K. og Heerfordt, 1985. Beluftingssystemer til akvakulturformál. Nordisk Akvakultur. 4(1):13-15.

Gjedrem, T., 1986. Miljø for oppdrettsfisk. In: Fiskeoppdrett med fremtid (red. T. Gjerdrem), 58-67 Landbruksforlaget. 328 sider.

Jensen, A., Grøntvedt, S., Skjervold, H., Sørheim, I.O. og Torp, E.G., 1985. A dyrke havet - Perspektivanalyse på norsk havbruk. Tapir Forlag.

Kuipers, J., 1982. Salmon trive on exercise. Oban conference. Fish Farmer 5(4):9-10.

Olsen, S.O., 1987. Lønnsomhet i oppdrettsnæringen; Konsekvenser av ensidig og intern priskonkurransen. Fiskets Gang. nr. 5 :175-180.

Ragnar Arnasson, 1986. Hagkvæmasti slátauldur eldisfisks. Tímarit Háskóla Íslands. 1(1):90-8.

Rannsóknarráð ríkisins, 1986. Þróun fiskeldis. Rannsóknarráð ríkisins, Rit 1986:1:92 bls.

Roberts, R.J. and Shepherd, C.J., 1986. Handbook of trout and salmon diseases. Fishing News Books Ltd., 1 Long Garden Walk, Farnham, Surrey, England, 222pp.

7.5 gráður heitakjallar eru ófengið til að myndalda flækjum. Sórefnuninn er ófengið til að myndalda ófengið heitakjallar. Þótt ófengið heitakjallar eru ófengið til að myndalda flækjum, eru ófengið heitakjallar ófengið til að myndalda ófengið heitakjallar. Þótt ófengið heitakjallar eru ófengið til að myndalda flækjum, eru ófengið heitakjallar ófengið til að myndalda ófengið heitakjallar. Þótt ófengið heitakjallar eru ófengið til að myndalda flækjum, eru ófengið heitakjallar ófengið til að myndalda ófengið heitakjallar.

Vatnsmótkum eða ófengið heitakjallar eru ófengið til að myndalda ófengið heitakjallar. Þótt ófengið heitakjallar eru ófengið til að myndalda flækjum, eru ófengið heitakjallar ófengið til að myndalda ófengið heitakjallar.

Sírandaeldarbl.

Sírandaeldarbl. eru ófengið til að myndalda ófengið heitakjallar. Þótt ófengið heitakjallar eru ófengið til að myndalda flækjum, eru ófengið heitakjallar ófengið til að myndalda ófengið heitakjallar. Þótt ófengið heitakjallar eru ófengið til að myndalda flækjum, eru ófengið heitakjallar ófengið til að myndalda ófengið heitakjallar.

Vatnsmótkum eða ófengið heitakjallar eru ófengið til að myndalda ófengið heitakjallar. Þótt ófengið heitakjallar eru ófengið til að myndalda flækjum, eru ófengið heitakjallar ófengið til að myndalda ófengið heitakjallar.

Tafla 1. Úppsetningarlegar meðaltalir og ófengið til að myndalda ófengið heitakjallar. Eldin 1986. 1986-08-10.

Sílta	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13
Hiti °C													
4	13.1	12.2	11.4	10.4	9.5	8.5	7.5	6.5	5.5	4.5	3.5	2.5	1.5
5	12.8	11.9	11.1	10.1	9.2	8.2	7.2	6.2	5.2	4.2	3.2	2.2	1.2
6	12.5	11.6	10.8	9.8	8.9	7.9	6.9	5.9	4.9	3.9	2.9	1.9	0.9
7	12.2	11.3	10.5	9.5	8.6	7.6	6.6	5.6	4.6	3.6	2.6	1.6	0.6
8	11.8	10.9	10.1	9.1	8.2	7.2	6.2	5.2	4.2	3.2	2.2	1.2	0.2
9	11.5	10.6	9.8	8.8	7.9	6.9	5.9	4.9	3.9	2.9	1.9	0.9	0.9
10	11.2	10.3	9.5	8.5	7.6	6.6	5.6	4.6	3.6	2.6	1.6	0.6	0.6
11	11.0	10.1	9.3	8.3	7.4	6.4	5.4	4.4	3.4	2.4	1.4	0.4	0.4
12	10.6	9.7	8.9	7.9	7.0	6.0	5.0	4.0	3.0	2.0	1.0	0.0	0.0

VIDAUKI 1.

Vatnsnotkun lax

Strandeldi (A).

Vatnsnotkun laksins er háð súrefnisnotkun fisksins og súrefnisinnihaldi eldisvökvans. Súrefnisnotkun lax sem lifir í 7.5 gráður heitu vatni er að meðaltali um 1.6 mg súrefni/kg fisk/min. Súrefnisinnihald eldisvökva er háð hitastigi og seltu, og fer lækkandi með aukinni seltu og hitastigi, eins og synt er í töflu 1. hér fyrir neðan. Ef miðað er við að súrefnisinnihald eldisvökva sé 9.6 mg súrefni i litra og súrefnisinnihald í frárennsli sé 6.0 mg súrefni/litra, er hægt að taka 3.6 mg súrefnis úr einum litra.

$$\text{Vatnsnotkun} = \frac{\text{súrefnisnotkun fisksins}}{\text{súrefnisinnihald eldisvökva}} = \frac{1.6}{3.6} = 0.444 \text{ litrar/min}$$

Strandeldi (B).

Súrefnisnotkun lax sem lifir í 10 gráður heitum sjó er að meðaltali 1.8 mg súrefni/kg fisk/min. Súrefnisinnihald eldisvökva sem er 10 gráður heitur og með 3.5% seltu er 9.0 mg súrefni/litra. Ef miðað er við að súrefnisinnihald eldisvökva í frárennsli sé 6.0 mg súrefni/litra er hægt að taka 3.0 mg súrefni úr einum litra.

$$\text{Vatnsnotkun} = \frac{\text{súrefnisnotkun fisksins}}{\text{súrefnisinnihald eldisvökva}} = \frac{1.8}{3.0} = 0.6 \text{ litrar/min.}$$

Tafla 1. Uppleysanlegt súrefni í mg súrefni/liter við mismunandi hitastig og seltu. Eldisvökvinn er 100% mettaður.

Selta Hiti °C	0%	1%	2%	3%	3.5%
4	13.1	12.2	11.5	10.7	10.3
5	12.8	11.9	11.2	10.3	10.0
6	12.5	11.6	10.9	10.2	9.8
7	12.2	11.3	10.6	9.9	9.6
8	11.8	11.1	10.4	9.7	9.4
9	11.5	10.8	10.2	9.5	9.2
10	11.3	10.6	9.9	9.3	9.0
11	11.0	10.4	9.7	9.1	8.8
12	10.8	10.1	9.5	8.9	8.6

VIDAUÐI 2.

HITI - VAXTARHRAÐI

Við útreikning á auknum vaxtarhrað með auknu hitastigi er stuðst við vaxtarhraða forsendur í töflu 1. hér fyrir neðan.

Gera má ráð fyrir að meðalþyngd fisksins í stöðinni sé frá 600-2000 gr. og notum við því þessar vaxtarforsendur.

Vaxtarhraði laxs við 7.5°C er 0.575 % á daq, en við 10.0°C um 0.8%, þetta þýðir 39% meiri vaxtarhraði og veltuhraði í stöðinni. Miðað við 25 kg/m³ framleiðslu við 7.5°C ætti framleiðslan að fara upp í 35 kg/m³ við 10.0 C meðalhita.

Tafla 1. Aætlaður vaxtarhraði (% pr. daq) hjá laxi og regnbogasilungi í sjó (frá Gjedrem 1986).

Hitastig °C	þyngd (gr.)			
	30-150	150-600	600-2000	>2000
2		0.2	0.2	0.1
4		0.5	0.3	0.2
6		0.7	0.5	0.3
8	1.3	1.0	0.6	0.4
10	1.6	1.2	0.8	0.5
12	1.9	1.4	1.0	0.6
14	2.2	1.7	1.1	0.7

VIDAUÐI 3.

ORKUKOSTNADUR - UPPHITUN Á ELDISVÖKVA

Útreikninganar á meðalorkupörf vegna upphitunar á eldisvökva, miðast við að eldisvökvin sé upphitaður um 2.5 gráður, eða frá 7.5 gráðu meðalhita til 10.0 gráðu meðalhita. Vatnsnotkun er áætluð 0.45 litrar/kg fisk/min, eða 0.0075 litrar/kg fisk/sek. Hér er gert ráð fyrir 25% af súrefnисnotkun fisksins komi frá beinni loftun í eldisker og vatnsnotkunin minnki því úr 0.6 litrum/kg fisk/min í 0.45 litrum/kg fisk/min. Framleiðslutími er 1.1 ár. Meðalorkupörf á framleiðslutimanum reiknast út skv. jöfnu;

$$Oh = M \times Cp \times Dt \times Mp = 0.0075 \times 4.186 \times 2.5 \times 0.7 = 0.0549 \text{ kw}$$

M = Vatnsnotkun, litrar/kg fisk/sek.

Cp = 4.186 kj/kg/C.

Dt = Upphitun á eldisvökva.

Mp = Meðalþyngd á tímabilinu.

Yfirlit yfir orkukostnað vegna upphitunar á eldisvökva í kr/kw/ár miðað við mismunandi fjárfestingarkostnað er að finna hér fyrir neðan. Gert er ráð fyrir að holan gefi af sér 5000 kw, t.d 40 litra/sek af 40 gráðu heitu vatni.

Fjárfesting kr	Fjárfest kr/kw	Afskriftir (25ár)	Vextir (5%)	Kostnaður per ár	Kostnaður per ár
5.000.000	1000	200.000 kr	350.000 kr	550.000 kr	110
10.000.000	2000	400.000 kr	700.000 kr	1100.000 kr	220
15.000.000	3000	600.000 kr	1050.000 kr	1650.000 kr	330
20.000.000	4000	800.000 kr	1400.000 kr	2200.000 kr	440
25.000.000	5000	1000.000 kr	1750.000 kr	2750.000 kr	550